

# Lög

## um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (umhverfisbrot).

### 1. gr.

179. gr. laganna orðast svo:

Fangelsi allt að 4 árum skal sá sæta sem gerist sekur um meiri háttar brot gegn lagaákvæðum um verndun umhverfis með eftirfarandi verknaði:

- Mengar loft, jörð, haf eða vatnasvæði þannig að af hlýst verulegt tjón á umhverfi eða veldur yfirvofandi hættu á slíku tjóni.
- Geymir eða losar úrgang eða skaðleg efni þannig að af hlýst verulegt tjón á umhverfi eða veldur yfirvofandi hættu á slíku tjóni.
- Veldur verulegu jarðraski þannig að landið breytir varanlega um svip eða spillir merkurum náttúruminjum.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á Alþingi 16. desember 1999.*